



Vinnum áfram saman

D

Við óskum eftir ykkar stuðningi þann 14. maí svo við getum haldið áfram að vinna að góðum verkefnum í þágu bæjarbúa. Bæjarfulltrúar D-listans hafa barist fyrir mörgum góðum málum og fjöldi góðra verkefna hafa orðið að veruleika eða eru í farvatninu.

Fulltrúar D-listans hafa reynst traustsins verðir og þeir hafa haft getu til að bregðast við þeim óvæntu áskorunum sem komið hafa upp og ávallt geta komið upp hvort sem það eru atburðir af mannavöldum eða náttúru.

Dæmi um forystu bæjarfulltrúa D-listans

Hafa tekið forystu í umræðu um bætt umferðaröryggi á Suðurlandsvegi og bættu vetrarþjónustu. Brýnt er að framkvæmdum við flutning Suðurlandsvegur verði lokið á næsta kjörtímabili, eins og lofað hefur verið, þannig að umferð og uppbygging innan bæjarins verði með þeim hætti sem skipulag gerir ráð fyrir.

Hafa lagt mikla áherslu á að tvíbýlum verði útrýmt á Hjúkrunarheimilinu Ási. Sú vinna hefur borið árangur. Útboðsferlið er hafið. Bygging 22 hjúkrunarrýma er að hefjast en með þeim mun tvíbýlum verða útrýmt. Stefnt er opnun nýs hjúkrunarheimilis árið 2024.

Gott viðhald gufuveitunnar í Hveragerði er undirstaða rekstrar og sérstöðu fjölmargra fyrirtækja í bænum. Gufuveitan er mikilvæg forsenda farsæls rekstrar íþróttamannvirkja. Standa þarf vörð um gufuveituna.

Hafa barist fyrir áframhaldandi starfsemi Garðyrkjakólans að Reykjum en starfsemi skólans hefur verið í uppnámi undanfarin misseri. Afar brýnt er að bæjarstjórn fylgi málum garðyrkjakólans áfram fast eftir með hagsmuni nemenda, starfsmanna og græna geirans í huga.

Vita að eignarhald bæjarins á landi til uppbyggingar skiptir miklu máli og því hafa þeir staðið fyrir kaupum á mörgum mikilvægum svæðum, sem til framtíðar munu tryggja farsæla uppbyggingu atvinnu og íbúða í bæjarfélaginu.

Hafa valist til forystu í hópi sveitarstjórnarmanna hvort sem er innan héraðs, á Suðurlandi eða á landsvísi.

Lesið stefnuskrána í heild á www.blahver.is

Kynning á frambjóðendum D-listans

D-listann skipa 14 kraftmiklir einstaklingar. Allir eru þeir tilbúnir til að gefa af tíma sínum til þess að samfélagið okkar megi verða enn betra í framtíðinni. En hvers vegna er fólk til í þetta? Hvað er það sem gerir að verkum að þú segir já þegar til þín er leitað? Hér eru svör frá 7 af þeim 14 sem skipa D-listann.

Áslaug Einarsdóttir

Ég flutti í Hveragerði árið 1983 úr Biskupstungunum. Hafði þá verið á Húsmæðraskólanum á Laugarvatni. Þar var ég svo lánsöm að hún Sigurlaug kenndi mér sem þá var önnur ráðskonan á HNLFI. Hún réð mig til starfa og ég flutti hingað. Hef ég aldrei séð eftir þeirri ákvörðun. Síðustu 33 ár hef ég unnið á Dvalarheimilinu Ási. Ég og eiginmaður minn Pétur Reynisson höfum mikinn áhuga á gróðri og garðyrkju og höfum við komið okkur upp sælureit við húsið okkar í Lyngheiðinni. Á D-listanum er skemmtilegt og drífandi fólk sem vill byggja upp góðan bæ. Þess vegna er ég ásamt þeim í framboði.



Ingibjörg Zoega

Mörgum finnst skrytið að við fjölskyldan skulum búa í Hveragerði þar sem maðurinn minn er sjómaður. Ég er uppalin á Flateyri og þrátt fyrir að Hveragerði liggi ekki við hafið völdum við þennan stað til búsetu árið 1996. Þar skipti þjónusta sveitarfélagsins við börn mestu máli. Hér hefur okkur liðið vel og samfélagið tók okkur opnum örmum. Hingað er gott að flytja og fólk er fljótt orðið að Hveragerðingum ef það vill það sjálft. Hér er hægt að taka þátt í fjölbreyttu félagsstarfi og mannlífið er gott. Ég vil láta gott af mér leiða, þess vegna er ég í framboði fyrir D-listann.



Sigmar Karlsson

Áframhaldandi uppbygging í góðum takti við þá íbúafjölgun sem á sér stað í bæjarfélaginu er spennandi og mikilvægt verkefni. D-listinn hefur gert vel á undanförnum árum og mikilvægt er að halda áfram á réttri braut og vonandi kemur mín reynsla og menntun á sviði mennta- og íþróttamála til með að nýtast í þeim efnum. Ég hef búið í Hveragerði í um 15 ár, er giftur þriggja barna faðir og er eins og skáldið sagði „miklu meira en spennur“ fyrir því sem framundan er í bæjarmálunum í Hveragerði.



Árni Þór Steinarsson Busk

Ég hef búið í Hveragerði alla tíð og það eru engar líkur á því að það muni breytast í framtíðinni. Að njóta þeirra forréttinda að fá að alast upp í Hveragerði er eitthvað sem flestir ættu að öfunda mig af enda er hér einstaklega gott samfélag. Í Hveragerði hefur alla tíð verið rekið öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf. Ég legg mikla áherslu á áframhaldandi stuðning við íþróttastarf Hamars og uppbyggingu kraftmikillar rafíþróttadeildar. Traust íþrótt- og æskulýðsstarf er sá grunnur sem þarf að leggja fyrir bjarta framtíð ungmenna og þar af leiðandi bjarta framtíð bæjarins. Þess vegna er ég í framboði fyrir D-listann.



Sigurður Einar Guðjónsson

Samfélagið í Hveragerði er ofboðslega gott og finnst mér það vera skylda hvers og eins að leggja sitt af mörkum til að viðhalda og bæta það á allan hátt jafnt fyrir unga sem aldna. Börnin okkar eiga ekkert nema það besta skilið og vil ég leggja mitt af mörkum til að búa þeim eins gott samfélag í framtíðinni eins og kostur er. Einnig er mér umhugað um að skipulag og uppbygging í bænum sé eins og best verður á kosið. Samspil byggðar og náttúru er lykill að farsælum lausnum. Íþróttir og menning auðga lífið í bænum og er ég talsmaður þess að setja aukinn kraft í slíka starfsemi.



Bjarni Kristinsson

Árið 1973 tókum við hjónin ákvörðun sem átti eftir að verða mesta gæfuspor lífs okkar. Við seldum íbúð okkar í Breiðholtinu og keyptum einbýlishús í Hveragerði. Húsið fengum við afhent fókelt í janúar 1974 og var þá hafist handa við framkvæmdir og um páska fluttum við inn. Útidyrhurðin var mótatimbur með tjörupappa, engar hurðir né innréttingar á nokkurn hátt. Fyrstu máltíðina borðuðum við í húsinu um páskana. Hangikjöt sem eldað var á primus á gólfinu í stofunni. Hér höfum við búið síðan og telur fjölskyldan 17 í dag. Búa 14 af þeim í Hveragerði sem segir sitt um gæði bæjarins. Þetta var fortíðin en framtíðin er hvergi bjartari en hér í Hveragerði.



Aldís Hafsteinsdóttir

Oft segir fólk við mig, jafnvel bláókunnugt fólk, að það sé hreint ótrúlegt hversu mjög Hveragerði hafi breyst til hins betra á undanförnum árum. Ég gæti ekki verið meira sammála. Vegferð okkar D-listans í frábæru samstarfi við bæjarbúa hefur verið einstaklega farsæl og það eru forréttindi að hafa fengið að leiða þá miklu uppbyggingu sem orðin er að veruleika í bænum okkar. Hér er ég alin upp, hér býr fólkið mitt og hér ætla ég að eldast. Þess vegna er ég í framboði – til að gera bæinn okkar ennþá betri, fyrir alla sem hér búa og hingað vilja flytja.



Vinnum áfram saman

D

Stígar í og við bæinn verða endurbættir og þeim fjölgað með áherslu á aðgengi og lýsingu.



Nýr ærslabelgur verður settur upp.



Leikvöllir verða endurbættir og þeim fjölgað.



Kannað verður hvort grundvöllur sé til staðar fyrir íþróttaskóla fyrir yngstu börnin.



Jólagjöf til barnafjölskyldna - Þegar í stað verður desembermánuður með öllu gjaldfrjáls á leikskólum bæjarins.



Stuðlað verður að velliðan og velferð eldri bæjarbúa með áherslu á heilsueflingu og góða andlega líðan.

Í nýsamþykktari skólastefnu bæjarins eru lagðar línur um metnaðarfullt og framsækið skólastarf og verður stefnunni fylgt eftir með markvissum hætti.



Næsta viðbygging við grunnskólann fari af stað árið 2023. Hönnun verður lokið á síðasta áfanga skólans. Þannig getum við tekið vel á móti öllum börnum í okkar ört vaxandi samfélagi.



Bygging nýs sex deilda leikskóla í Kambalandi verður boðin út síðla árs. Viðbygging við Leikskólann Óskaland verður tekin í notkun sem fyrst.



Leitast verður við að búa starfsfólki skólanna góð vinnuskilyrði og að starfsmenn njóti markvissrar starfsþróunar.

Kannaðir verða möguleikar á uppbyggingu fjölbreyttra búsetukosta fyrir eldra fólk sem taka mið af mismunandi þörfum þessa hóps.



Stuðlað verður að enn frekari uppbyggingu leiguíbúða á vegum óhagnaðar-drifinna félaga.



Lögð verður áhersla á áframhaldandi starfæna umbreytingu hjá Hveragerðisbæ.

Lesið stefnuskrána í heild á www.blahver.is

Fjölbreyttir viðburðir framundan

Vertu með - taktu þátt!

30. apríl

Opnunarhátíð kosningaskrifstofu D-listans
að Mánamörk 1 verður laugardaginn 30. apríl nk.
kl. 14:00 – 17:00.

Grillaðar pylsur eða bulsur fyrir þá sem það
vilja. Drykkir og ís fyrir alla. Andlitsmálun og
blöðrukallinn mætir á svæðið.

Allir velkomnir!

4. maí

Fulltrúar D-listans bjóða Hvergerðingum af erlendum
uppruna í heimsókn á kosningaskrifstofu D-listans,
Mánamörk 1, miðvikudaginn 4. maí 2022, kl. 20:00.

6. maí

Vísindaferð – heimsókn í fyrirtæki. Stutt gönguferð
á milli athyglisverðra fyrirtækja í Hveragerði. Lagt
af stað frá kosningaskrifstofunni kl. 17:30. Léttar
veitingar í boði.

11. maí

Konukvöld verður haldið miðvikudaginn 11. maí í
Listasafni Árnesinga og hefst það kl. 20:00.

Edda Björgvins flytur erindið Húmor og hamingja.
Regína Ósk mætir og syngur fyrir gesti. Sigurður
Einar og Helgi Kemp spila léttu tónlist.

Allar konur fá gjöf og happdrættismiða við komu.
Glæsilegir vinningar.

Smáréttir og búbblur og allt í boði D-listans.

Allar konur hjartanlega velkomnar.

13. maí

Uppistand og trúbbakvöld verður 13. maí. Hitum
upp fyrir kosningadaginn og gleðjumst saman.

14. maí - Kjördagur

Kosningakaffi verður allan daginn í Veisluhöllinni.
Hefst með morgunmat kl. 10:00 og breytist síðan í
standandi kaffihlaðborð uppúr hádegi. Um kvöldið
verður kosningavaka D-listans á sama stað frá
kl. 21:00 og frameftir nóttu.

Kosningaskrifstofan

Staðsett að Mánamörk
(Við hliðina á Rauða krossinum)

Opin alla virka daga frá 20:00-22:00

Opið um helgar frá 14:00-17:00

Heitt á könnunni og veitingar í boði,
frambjóðendur á staðnum

We would like to meet you!

The candidates on “D-listinn” would like to invite you
all to a gathering at the D-listi office at Mánamörk 1,
Wednesday the 4th of May at 20:00.

Many of us living here in Hveragerði were born
in another country. You have chosen to live in
Hveragerði which has made our town both better and
more varied in culture and experience. We would like
to meet you! We would like too hear how you feel
about living in Hveragerði and last but not the least
to learn what we can do to make our town an even
better place for all of us.

Coffee and refreshments!

Við viljum hitta þig!

Fulltrúar D-listans bjóða íbúum af erlendum
uppruna í heimsókn á kosningaskrifstofu D-listans,
Mánamörk 1, miðvikudaginn 4. maí 2022 kl. 20:00.

Fjöldi fólks af erlendum uppruna býr í Hveragerði og
gerir samfélagið okkar fjölbreyttara og betra. Okkur
langar til að hitta ykkur. Heyra hvernig ykkur finnst
að búa í Hveragerði. Hvað við getum gert til að gera
Hveragerði að enn betra bæjarfélagi, fyrir okkur öll!

Kaffiveitingar!

Fylgist með á

 /xdhveragerdi

 @xdhveragerdi

 www.blahver.is

Vinnum áfram saman

D